

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. desember 2006 staðfest aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Patreksfjarðar 1980-2000 frá 12. október 1981, með síðari breytingum og aðalskipulag Bíldudals 1986-2006 frá 6. nóvember 1986, með síðari breytingum. Ráðherra hefur veitt undanþágu frá ákvæðum laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, sbr. 3. mgr. 13. gr.

*Umhverfisstofnun, 15. desember 2006.*

**Jónína Bjartmarz.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2007